

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2022, þriðjudaginn 12. apríl kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1159. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir og Erna Hrönn Geirsdóttir

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

## Þetta gerðist:

### Nýjar/br. fasteignir

- Austurstræti 20** (11.405.03) 100863 Mál nr. BN060689  
640413-1150 Vivaldi Ísland ehf., Borgartúni 25, 105 Reykjavík  
Sótt er um stöðuleyfi fyrir 117 fermetra tjaldi í inngarði veitingahúss á lóð nr. 20 við Austurstræti.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2022 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2022.  
Gjald kr.12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
- Austurstræti 7** (11.402.06) 100830 Mál nr. BN059805  
580321-1270 KBV ehf., Skeifunni 4, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir innri breytingum á 1., 2. og 3. hæð í veitingastað í fl. III tegund B sem eru þær að fundarherbergi á 2. hæð er breytt í fatahengi, setustofa stækkuð á kostnað skrifstofurýmis og á 3. hæð er komið fyrir kælum, í húsi á lóð nr. 7 við Austurstræti.  
Erindi fylgir samþykki eiganda dags. 18. ágúst 2021.  
Hljóðskýrsla dags.15. mars. 2022  
Gjald kr. 12.100  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
- Álftamýri 2-6** (12.800.03) 103659 Mál nr. BN060826  
Kristinn Halldórsson, Álftamýri 2, 108 Reykjavík  
Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að stækka baðherbergi, bæta við snyrtingu sem áður var skápur og þvottaaðstöðu inn í eldhús íbúðar 01-0201 í húsi nr. 2 á lóð nr. 2-6 við Álftamýri.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

4. **Barónsstígur 27** (11.743.25) 101660 Mál nr. BN060838  
591118-0560 Hönnun og list ehf., Lyngmóum 10, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að innrétta húðflúrstofu í rými 0101 í húsi á lóð nr. 27 við Barónsstíg.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda eldvarnaeftirlits.*
5. **Bíldshöfði 9** (40.620.01) 110629 Mál nr. BN060792  
610119-1660 Mathöll Höfða ehf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og bæta við nýjum veitingarstað með því að skipta í tvennt veitingastað 01, í veitingastað 01a flokkur II, teg. c og 01b, flokkur II teg. c í Mathöll á 1. hæð í skrifstofu- og verslunarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 9 við Bíldshöfða  
Erindi fylgir umboð eiganda vegna breytinga dags, 28. mars 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af óstimpluðum upprætti 1.0-04A dags. 31. mars 2022. Gjald kr, 12.600  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*
6. **Bíldshöfði 9** (40.620.01) 110629 Mál nr. BN060801  
460207-1690 Míla ehf., Stórhöfða 22-30, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir fjarskiptamastrí og sendibúnaði á útvegg lyftuhúss efstu hæðar og stjórnubúnaði í tækjarými á 7.hæð í húsi mhl. 04, Dverghöfða 2 á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.  
Stærð: Óbreytt.  
Erindi fylgir bréf ráðgjafar dags. 30. mars 2022 og yfirlýsing vegna samkomulags um leigu á aðstöðu dags. 28. mars 2022.  
Gjald kr.12.600  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*
7. **Bíldshöfði 9** (40.620.01) 110629 Mál nr. BN060811  
421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059585 þannig að gerð er hurð á austurhlíð og texta um brunavarnir er breytt í húsi á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*
8. **Blönduhlíð 7** (17.042.15) 107095 Mál nr. BN060837  
Ingunn Helga Hafstað, Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að færa eldhús úr norðurhluta íbúðar 0201 í rými í stofu og opna á milli þeirra þannig að eldhús er tengt við stofu í íbúð í húsi á lóð nr. 7 við Blönduhlíð.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*

9. **Borgartún 20** (12.210.02) 102797 Mál nr. BN060040  
521009-1010 Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 3. hæð, mhl.02, innréttu viðtalsskrifstofur í austurendanum og símenntunarmiðstöð í vesturendanum með tilheyrandi kennslustofum, skrifstofum, fundarherbergi og nemendarymi, gert er ráð fyrir að samnýtt verði starfsmannarymi og snyrtingar, og að mest séu um 65 manns í rými samtímis, auk þess verður gerð ný flóttaleið yfir þak og niður um nýjan flóttastiga á suðurhlíð mhl. 01, skrifstofuhúss á lóð nr. 20 við Borgartún.  
Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá verkfræðistofunni Öruggr ehf útgáfa V2 dags. 10. janúar 2022, útgáfa V1 dags, 5. október 2021 og yfirlit breytinga á eldri samþykktum aðaluppdráttum.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Lagfæra skráningu.*
10. **Borgartún 27 og 31** (12.190.01) 102776 Mál nr. BN060805  
681290-2309 Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi skrifstofa á 1, 5,6,7 og 8 hæð í húsi á lóð nr.27 við Borgartún.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.*
11. **Borgartún 8-16A** (12.201.07) 199350 Mál nr. BN060800  
450613-2580 Íþaka fasteignir ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059445 þannig að opnun hurða og flóttaleiðum hefur verið breytt á nokkrum stöðum í rými 0105 sem er leikskóli í Bríetartúni 9-11 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.  
Erindi fylgir minnisblað hönnuðar um breytingar dags. 29. mars 2022.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
12. **Borgartún 8-16A** (12.201.07) 199350 Mál nr. BN060679  
Sigurður Einarsson, Sólberg 2, 221 Hafnarfjörður  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu móttöku á 1. hæð, framleiðslueldhús, mótuneyti og móttöku á 2. hæð og til að breyta innra skipulagi skrifstofa á 3. hæð í Katrínartúni 2 sem er mhl. 03 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.  
Erindi fylgir samþykki eiganda, dags. 25. mars 2022.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
13. **Dugguvogur 42A(2A)** (14.520.02) 225186 Mál nr. BN060829  
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja spenna dreifistöð og hjólastæði vestan við mannvirki á lóð nr. 42A við Dugguvog.  
Stærð: 47,4 ferm., 205,3 rúmm.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

14. **Fiskislóð 71-73** (10.871.02) 100007 Mál nr. BN060690  
610616-1270 ÁÁ 29 ehf., Hagamel 12, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta iðnaðarhúsi í sýningarsvæði, skrifstofur og geymslur, stækka 2. hæð, gera vindfang, flóttastiga á suðvesturhlið, hringstiga á norðausturhlið og svalir á norðvesturhlið á húsi nr. 73 á lóð nr. 71 til 73 við Fiskislóð.  
Bréf frá hönnuði dags.20.mars. 2022 og 22. mars. 2022 fylgir  
Stækkun, millipallur og anddyri: 177,7 ferm., 11,1 rúmm.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Uppfærðum teikningum vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
15. **Freyjugata 42** (11.961.01) 102642 Mál nr. BN060740  
541015-2640 Systa ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að síkka glugga og gera nýja hurð og byggja stálsvalir á suðurhlið 2. hæðar íbúðarhúss á lóð nr. 42 við Freyjugötu.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
16. **Furugerði 23** (18.074.03) 107818 Mál nr. BN060760  
640517-0850 EA11 ehf., Tónahvarfi 6p, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057617 þannig að fastanúmerum er fjölgað á lóð með því að gera tvö bílastæði að sér eign í bílakjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 23 við Furugerði.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði ásamt yfirliti um stærðir íbúða dags. 22. mars 2022 og afrit af lóðarleigusamningi dags. 10. nóvember 2021.  
Gjald kr. 12.600  
*Synjað.*  
*Samræmist ekki 1. mgr. 22. gr um lög um fjöleignarhús nr. 26/1994.*
17. **Furugerði 4** (18.063.04) 107798 Mál nr. BN060803  
671295-3239 Tryco ehf, Grundarstíg 23, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta aukaíbúð á 1.hæð með aðgengi um nýja hurð á austurhlið, stigi í lóð austan við hús færður, aðalstigi innan húss fjarlægður og stigagati lokað, á 2.hæð er komið fyrir baðherbergi í stað geymslu og þvottahúsi í stað búrs húsi nr. á lóð nr. 4 við Furugerði.  
Stærð: 339,5 ferm., 1.041,7 rúmm.  
Stækkun: 6,5 ferm.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar með lýsingu og yfirliti breytinga dags. 29. mars 2022 og afrit umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 28. janúar 2022.  
Gjald kr.12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
18. **Grensásvegur 14** (12.954.05) 103852 Mál nr. BN060831  
480199-3089 Frikkabílar sf., Grensásvegi 14, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að innrétta snyrtistofu í suðurenda rýmis 0101 á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 14 við Grensásveg.  
Erindi fylgir samþykki húseigenda dags. 4. apríl 2022.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

19. **Grensásvegur 9** (14.611.01) 105665 Mál nr. BN060576  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi á 1. hæð, koma fyrir björgunaropi í fundaherbergi á norðvesturhorni hæðar og skilti sett á vesturhlið húss á lóð nr. 9 við Grensásveg.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.*
20. **Gufunes - skemmtigarður** (22.---.86) 108942 Mál nr. BN060355  
650602-4470 Skemmtigarðurinn ehf., Engihjalla 8, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og uppbyggingu síðustu ára sem einkennist af samkomutjaldi, þjónustumiðstöð, afgreiðslu, gistihús, rotþroa og uppsetning leiktækja til afþreyingar, jafnframt er sótt um veitingaleyfi í flokki II, tegund f. í mhl.12 fyrir 30 gesti í afgreiðslu og 40 gestum á palli ásamt 110 gestum í mhl. nr.10, byggja þriðja gistihúsið ásamt timbur verönd, mhl.14, sex til nýu starfsmenn sem almennt hafa ekki fastar vinnustöðvar, gistileyfi fyrir minna gistiheimili í flokki II, tegund c. fyrir sex gesti í matshluta nr. 13, 14 og 15, innan reits nr. U51 á lóð L108942 við Gufunes.  
Stækkun er: 259,0 ferm., 996,4 rúmm.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. desember 2021, umboð eiganda Skemmtigarðsins ehf. dags. 13. desember 2021 og afrit umsagnar vegna rekstrarleyfis dags. 10. nóvember 2021.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 13. febrúar 2022, afrit leyfisbréfs rekstrarleyfis dags. 23. september 2016, afrit afnotasamnings dags. 14. mars 2018 og samantekt á raunástandi dags. 11. janúar 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2022.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar vegna umsagna og yfirlit lagfæringa dags. 28. mars 2022.  
Gjald kr.12.100  
*Frestað.*  
*Lagfæra skráningu.*
21. **Hallveigarstígur 1** (11.712.08) 101389 Mál nr. BN060827  
630316-0730 ALVA Capital ehf., Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta notkun 3.hæðar úr skrifstofu í gististað í flokki 2, teg. (?), fyrir (?) gesti í húsi á lóð nr. 1 við Hallveigarstíg.  
Stærð: Óbreytt.  
Gjald kr.12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

22. **Hvammargerði 13** (18.025.07) 107713 Mál nr. BN060532  
Snorri Örn Clausen, Hvammargerði 13, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja hæð úr timbri ofaná, breyta innra skipulagi, klæða að utan með liggjandi báruáli og fjarlægja sólstofu við einbýlishús á lóð nr. 13 við Hvammargerði. Stækkun: 77 ferm.  
Eftir stækkun, A-rými: 190,9 ferm., 581,8 rúmm.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. mars 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2022.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
23. **Hverafold 1-5** (28.742.01) 110375 Mál nr. BN060684  
María Baldursdóttir, Efstaleiti 25, 103 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta kaffihús og sýningarstofu í fl. I tegund e. fyrir 20 gesti í rými 0202 í húsi á lóð nr. 1-3 við Hverafold.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.*
24. **Hverfisgata 100** (11.741.03) 101581 Mál nr. BN060440  
520321-1360 Hverfisgata 100 ehf., Dugguvogi 42, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja ofan á hús og innrétta 12 íbúðir á fjórum hæðum og geymslu á einni hæð með þaksvölum á baklóð við hús á lóð nr. 100 við Hverfisgötu.  
Eftir stækkun, mhl. 01, 779,6 ferm., 2.322,5 rúmm. Mhl. 02, 57,4 ferm., 171,6 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 11. janúar 2022 og greinargerð um hljóðvist dags. 10. febrúar 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. mars 2022 fylgir erindi. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2022.  
Erindi fylgir afrit umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 29. janúar 2021, afrit af deiliskipulagsupprætti dags. 16. september 2021, óundirritað hæðarblað dags. mars 2022, afrit bréfs landupplýsingadeildar dags. 11. mars 2022 og breyttur lóðaruppráttur dags. 1. mars 2022 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. mars 2022.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

25. **Jónsgeisli 21** (41.135.06) 189830 Mál nr. BN060558  
Guðmundur P Haraldsson, Jónsgeisli 21, 113 Reykjavík  
Sara Margareta Fuxén, Jónsgeisli 21, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að stækka svalir til austurs og innbyggða bílgeymslu 1.5 metra til suðurs í einbýlishúsi á lóð nr.21 við Jónsgeisla.  
Stækkun: 7.1 ferm., og 35.9 rúmm.  
Erindi fylgir mæliblað bréf hönnuðar um leiðréttta staðsetningu húss dags. 4. apríl 2022, 4.113.5 dags. 13. janúar 2011, hæðablað 4.113.5 dags. 6. mars 2001, A3 afrit af aðaluppdráttum samþykktum 2. október 2001 og yfirlit breytinga á afriti af nýjum aðaltekningum dags. 20. janúar 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. mars 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2022 og bréf hönnuðar dags. 4. apríl 2022.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
26. **Jöfursbás 2** (22.207.01) 228390 Mál nr. BN060099  
470421-2740 Icefilm ehf., Jöfursbás 4, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum úr blönduðu burðarvirki, steypu og límtré, um er að ræða verkstæði og geymsluaðstöðu fyrir stóran sviðsbúnað fyrir kvikmyndagerð og skrifstofur á lóð nr. 2 við Jöfursbás.  
Stækkun er: 2.476,7 ferm., 14.924,5 rúmm.  
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 19. október 2021 og greinargerð hljóðvistar dags. 11. janúar 2022.  
Gjald kr.12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
27. **Kuggavogur 2** (14.515.01) 225189 Mál nr. BN060033  
710817-0810 ÞG hús ehf., Lág múla 7, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir sjö djúpgámum, fjórum 5,0 rúmm. og þremur 3,0 rúmm. norðaustan við hús, á fylgilóð nr. 2a við lóð 2 við Kuggavog.  
Stærð: 29,9 ferm., 81,4 rúmm.  
Erindi fylgir hæðarblað dags. 2. nóvember 2017, bréf hönnuðar vegna frávika frá hönnunarviðmiðum dags. 27. janúar 2022, afrit þinglýsingar vegna lóðarskika nr. 2a við Kuggavog undir djúpgáma dags. 17. nóvember 2021, afrit lóðaruppdráttar 1.451.5 dags. 27. júlí 2021 og afrit greiðslukvittunar vegna þinglýsingar dags. 26. janúar 2022.  
Erindi fylgir umsögn skrifstofu umhverfisgæða dags. 6. apríl 2022.  
Erindi fylgir umsögn skipulagsstjóra í formi tölvupósts, dags. 12. apríl 2022.  
Gjald kr. 12.100  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda sem koma fram í umsögn skrifstofu umhverfisgæða dags. 6. apríl 2022.*
28. **Lambhagavegur 5** (26.473.03) 211676 Mál nr. BN060791  
641108-0490 Xyzeta ehf., Ármúla 18, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054328 vegna lokaúttektar þannig að brunalýsingu er breytt, annað af tveimur útljósum fyrir rými 0103 og 0104 er fjarlæggt auk þess sem innra skipulagi er breytt í rýmum 0203 og 0201 í húsi á lóð nr. 5 við Lambhagaveg.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

29. **Langholtsvegur 182** (14.451.04) 105557 Mál nr. BN059262  
Sverrir Björgvinsson, Langholtsvegur 182, 104 Reykjavík  
Sótt er um að breyta erindi BN057709, kvistur íbúðar 0201 fjarlægður á norðausturhlið og kvistur minnkaður á suðvesturhlið á húsi nr. 182 á lóð nr. 182 við Langholtsveg.  
Stærð: 364,0 ferm., 929,7 rúmm.  
stærðar breyting:  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á uppdráttum samþykktum þann 15. ágúst 1991.  
Gjald kr.12.100  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*
30. **Laugarnesvegur 74A** (13.460.16) 104069 Mál nr. BN060568  
701205-2860 Steinabrekka ehf., Vatnsstíg 19, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að starfsmannasnyrting er færð á 2. hæð og innra skipulagi eldhúss er breytt í veitingastað í flokki II, teg. c fyrir 55 gesti á lóð nr. 74A við Laugarnesveg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda heilbrigðiseftirlits.*
31. **Laugavegur 105** (12.400.05) 102974 Mál nr. BN060167  
540621-1870 Hlemmur ehf., Fjallalind 102, 105 Reykjavík  
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Þönglabakka 4, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi 1.-5. hæða og kjallara. Í kjallara er komið fyrir geymslum fyrir allar íbúðir auk þvottahúss, á 1. hæð er sorpgeymsla færð, stækkuð og skipt upp fyrir íbúðir og atvinnurými, og gluggagat síkkað á suðausturhlið til að koma fyrir hurð inn í nýja sorpgeymslu, á 2. hæð er íbúðum fækkað úr 11 í 10 og sameiginlegum þaksvölum komið fyrir á þaki 1.hæðar og hurð komið fyrir út á þaksvallir til vesturs, á 3.-5. hæð er komið fyrir 25 íbúðum ætlaðar undir rekstur á gististað í flokki II tegund g. fyrir 73 gesti með móttöku og aðstöðu starfsmanns á 3.hæð í húsi á lóð nr. 105 við Laugaveg.  
Stærð er: Óbreytt.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afritum aðaluppdrátta samþykktir þann 7. október 2014.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2022.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. apríl 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2022.  
Gjald kr.12.100  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*



32. **Laugavegur 116** (12.401.03) 102980 Mál nr. BN060795  
550818-2050 Ísborg verslanir ehf., Hverfisgötu 18a, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi í rými 0103 og endurnýja tækjabúnað skyndibitastaðar í matvöruverslun á 1. hæð í verslunar-og skrifstofuhúsi nr. 116, mhl.09 á lóð nr. 118 við Laugaveg.  
Erindi fylgir mæliblað 1.240.1 dags. 9. apríl 1975 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaltekningu samþykktari 26. janúar 2010.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
33. **Leiðhamrar 11-13** (22.928.05) 109001 Mál nr. BN060421  
Guðrún Jónsdóttir, Leiðhamrar 13, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi, þ.e. eldhús fært og sameinað stofu/borðstofu, rými ÞV/G breytt í baðherbergi, anddyri stækkað á kostnað bílgeymslu, breytt notkun bílgeymslu og úr verða tvö rými, þvottahús og vinnuástaða/geymsla í húsi nr. 13 á lóð nr. 11-13 við Leiðhamra.  
Stærð : Óbreytt  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. febrúar 2022  
Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 6. apríl 2022.  
Gjald kr.12.100  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.*
34. **Lindargata 44** (11.525.08) 101081 Mál nr. BN060731  
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja stúdentagarð með 10 stúdentabúðum og sameiginlegum rýmum á 1. hæð, þrjár hæðir með kjallara undir hluta og verður hús nr. 44 á lóð nr. 44 við Lindargötu.  
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Myrra dags. 10. mars 2022.  
Stærð, A-rými: 549,8 ferm., 1.718,3 rúmm.  
B-rými: 22 ferm.  
Samtals: 571,8 ferm.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. apríl 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2022.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*

35. **Lindargata 44** (11.525.08) 101081 Mál nr. BN060730  
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir 6 einingum djúpgáma á lóð nr. 44 við Lindargötu.  
Stærð: 20,8 ferm., 62,7 rúmm.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
36. **Lindargata 58** (01.153.205) 101102 Mál nr. BN055333  
Sigrún J Oddsdóttir, Grandavegur 47, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta skráningu geymslu í vinnustofu og byggja svalir og tröppur á bakhlið ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í rými 0002 í húsi á lóð nr. 58 við Lindargötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa frá 29. mars 2019 og samþykki meðeigenda dags. 26. febrúar 2021.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. apríl 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. apríl 2022.  
Gjald kr. 11.000  
*Frestað.*  
*Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. apríl 2022.*
37. **Logafold 89** (28.754.01) 110385 Mál nr. BN060695  
Garðar Jónsson, Logafold 89, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta bílskúr í tómtundarými fyrir íbúð 0101, stækka íbúð 0102 með því að opna inn í útgrafið rými og gera viðbyggingu til suðurs, með herbergi og geymslu á neðri hæð, á efri hæð er dagstofa stækkuð og bætt við þaksvölum á tvíþýlishúsi, einnig er bætt við einu bílastæði á lóð nr. 89 við Logafold.  
Stækkun: 32.4 ferm., 236.1 rúmm.  
Erindi fylgir ódagsett bréf frá hönnuði, mæliblað 2.875.4 dags 1. júlí 1986, hæðablað síðast breytt í maí 1986, A3 afrit af aðaluppdráttum dags. 3. mars 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaluppdráttum samþykktum 8. mars 1984.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
38. **Miklabraut 48** (17.011.05) 106959 Mál nr. BN060768  
Hólmfríður S Svavarsdóttir, Miklabraut 48, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060174, þ.e. byggingaraðferð stoðveggja breytt frá steypum veggjum í hleðslusteina við verönd suðvestan við húsi á lóð nr. 48 við Miklubraut.  
Stærð: Óbreytt.  
Gjald kr.12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*

39. **Njálsgata 76** (11.911.04) 102490 Mál nr. BN060780  
Berglind Guðmundsdóttir, Arnarhraun 27, 220 Hafnarfjörður  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059260, þ.e. fallið er frá stálpili milli aðliggjandi húss nr. 74, svölum og svalahurð íbúðar á 2. hæð og hluti handriðs hækkað úr 1,1m í 1,96m á húsi á lóð nr. 76 við Njálsgötu.  
Stærð: Óbreytt  
Erindi fylgir skýringateikningar á uppbyggingu svala á blöðum sérteikningar sem fylgiskjöl dags. 1. janúar 2022 og 17. janúar 2022.  
Gjald kr.12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
40. **Nýlendugata 15A** (11.312.09) 100178 Mál nr. BN060828  
Brynja Cassandra Onus, Bandaríkin, Sótt er um leyfi til að leiðrétta skráningu tveggja fastanúmera í húsi á lóð nr. 15A við Nýlendugötu.  
Stærð: 284,7 ferm., 867,9 rúmm.  
Breytingar frá samþykktum stærðum: +2,8 ferm., +37,2 rúmm.  
Erindi fylgir afrit eldri aðaluppráttar sem samþykktur var þann 20. febrúar 1981.  
Gjald kr.12.600  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*
41. **Nýlendugata 19B** (11.312.04) 100173 Mál nr. BN060839  
Adolf Friðriksson, Nýlendugata 19, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að lækka gólf kjallara og innrétta þar íbúðarrými, grafa frá kjallara, gera nýjan inngang og verönd, byggja verönd og svalir á suðurhlið 1., 2. og 3. hæðar, færa inngang frá gafli á suðurhlið, bæta við glugga á götuhlið, breyta innra skipulagi á öllum hæðum og sameign í kjallara og innrétta 4 íbúðir í húsi á lóð nr. 19 við Nýlendugötu.  
Stækkun: xx rúmm.  
Stærð eftir breytingar, A-rými: 252 ferm., 662,1 rúmm.  
B-rými: 4,2 ferm.  
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 20. júlí 2021, umsögn Borgarsögusafns dags. 28. júlí 2021 og yfirlit breytinga.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*
42. **Rauðalækur 10** (13.433.05) 104004 Mál nr. BN060830  
Árni Klemensson, Rauðalækur 10, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tvöfaldan bílskúr út staðsteyptir steypu á suðaustur horni lóðar nr. 10 við Rauðalæk.  
Stærðir bílskúra er: 0101 er 45,1 ferm., 132,8 rúmm. 0102 er 42,5 ferm., 125,4 rúmm.  
Samtals með botnplötu er: 87,5 ferm., 275,7 rúmm.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísad til athugasemda.*

43. **Rauðalækur 30** (13.440.06) 104024 Mál nr. BN060802  
Auður Katrín Víðisdóttir, Rauðalækur 53, 105 Reykjavík  
Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að fjarlægja hluta burðaveggja milli svefnherbergis og stofu og skála og geymslu íbúðar 01-0301 í húsi á lóð nr. 30 við Rauðalæk.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga ásamt afriti samþykki eigenda dags. 29. mars 2022  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
44. **Rökkvatjörn 5** (50.514.02) 226839 Mál nr. BN060752  
450209-0900 Umbrella ehf., Víðihlíð 6, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058902 þannig að innra skipulagi er breytt lítillega, gluggum breytt, uppbyggingu þaks er breytt og þakniðurfall fært til á norðurhlið raðhúsa á lóð nr. 5 við Rökkvatjörn.  
Jafnframt er erindi BN059212 dregið til baka  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaluppdráttum samþykktum 16. mars 2021 og afrit af óstimpluðum aðalteikningum hönnuðar.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.*
45. **Sigtún 41** (13.651.11) 104678 Mál nr. BN060728  
Ásgeir Jónsson, Sigtún 41, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að færa eldhús í rými þar sem er herbergi og gera nýjan glugga á norðurhlið á fyrstu hæð á húsi á lóð nr. 41 við Sigtún.  
Erindi fylgir samþykki frá meðeigenda húss dags. 15. mars. 2022 fylgir.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
46. **Skógarhlíð 12** (17.036.01) 107069 Mál nr. BN060759  
681290-2309 Byggingarfélag Gylf/Gunnars hf, Borgartúni 31, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi rýmis 0202, sem skipt hefur verið upp og innréttað sem tvær sjálfstæðar rekstrareiningar, rými 0202 og 0203 í austurhluta 2. hæðar í skrifstofuhúsi á lóð nr. 12 við Skógarhlíð.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af meðfylgjandi teikningu dags. 21 mars 2022 og A3 afrit af aðalteikningu samþykkttri 23. febrúar 2021.  
Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 5. apríl 2022.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.*
47. **Skútuvogur 8** (14.206.01) 105169 Mál nr. BN060538  
651174-0239 Höldur ehf., Pósthólf 10, 602 Akureyri  
Sótt er um leyfi til að loka þvottastæði og verði hluti af rými 0103, í lokun verði bílskúrshurð og inngangshurð á norðurhlið á húsi á lóð nr. 8 við Skútuvog.  
Stærð: 92,5 ferm., 409,8 rúmm.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*

48. **Sléttuvegur 25** (17.931.01) 213549 Mál nr. BN060835  
650213-0840 Efri vör ehf., Brúnavegi Hrafnista, 104 Reykjavík  
500221-1940 Ölduvör ehf., Brúnavegi Hrafnistu, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tvö steinsteypt fjölbýlishús, klædd ljósri áklæðningu með 87 leiguíbúðum fyrir 60 ára og eldri, fjórar hæðir á jarðhæð og kjallara sem er tvöfaldur að hluta, sem verða Skógarvegur 4 og 10 með tengingum í bílakjallara og þjónustumiðstöð sem fyrir eru á lóð og verður mhl. 03 á lóð nr. 25 við Sléttuveg. Erindi fylgir brunahönnun og greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 5. apríl 2022. Stærð. A-rými: 10.081,4 ferm., 29.768,6 rúmm. B-rými: 660,8 ferm. Samtals: 10.742,2 ferm. Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*
49. **Snorrabraut 62** (11.934.03) 102537 Mál nr. BN060834  
540121-0600 Snorrahús ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til breytinga á erindi BN058929, helstu breytingar eru, verslunarrými 0101 skipt upp í þrjú verslunarrými, blöndun íbúðagerða breytt með breytingum á innra skipulagi íbúða 0212 og 0213, þ.e. fækkun á eins og þriggja herbergja íbúðum um eina gerð hvor og tveggja herbergja íbúðum fjölgar um tvær, stækka inntaksklefa rafmagns í kjallara stækkar, breyting á innra skipulagi kjallara, efni og uppbygging svalahandriða breytist, texti er varðar brunavarnir breytist, fjölgað inngangshurðum á austurhlið húss, óskað heimildar á aðlögun gangstéttar vegna aðkomu sem stendur utan lóðar, jafnframt lagfærð tilvísun í rétt húsnúmer matshluta nr. 02 í húsi nr. 62 á lóð nr. 60 við Snorrabraut. Stærð: 0,0 ferm., +0,2 rúmm. Erindi fylgir skýrsla hljóðvistar, útgáfa 5, dags. 3. september 2021 og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar samþykktir þann 13. júlí 2021. Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og umsagnar skrifstofu samgöngustjóra.*
50. **Starmýri 2** (12.830.01) 103700 Mál nr. BN060799  
520716-0920 Starmýri 2A ehf., Starmýri 2a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN058605 með því að hækka um eina hæð að hluta og bæta við tveimur íbúðum í fjölbýlishús nr. 2A, mhl.03, með samtals 20 íbúðum á lóð nr. 2 við Starmýri. {Breytt stærð mhl.03: xx.x ferm., xx.x rúmm. Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Skipulagsferli ólokið. Vísað til athugasemda.*
51. **Stýrimannastígur 6** (11.352.09) 100458 Mál nr. BN060767  
Tómas Hrafn Sveinsson, Mánagata 9, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka bíslag, endurgera svalir á austurhlið, koma fyrir nýjum svölum og bíslagi á vesturhlið, gera kvist á suðurhlið og koma fyrir nýjum palli við norðurhlið húss á lóð nr. 6 við Stýrimannastíg. Minjastofnun Íslands dags. 5 apríl 2022 fylgir. Stækkun vegna bíslag og kvistar. 4,5 ferm., 36,5 rúmm. Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.*

52. **Súðarvogur 2** (14.521.01) 225187 Mál nr. BN060592  
611217-1370 Súðarvogur 2 ehf., Pósthólf 8787, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir djúpgámasetti, sex 5 rúmm. og einn 3 rúmm, samtals sjö djúpgámar, þar af einn fyrir atvinnurými með steypukjarna norðaustan við hús á lóð nr. 2, djúpgámaskika 2A við Súðarvog.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 1. apríl 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. apríl 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2022.  
Stærð: 16,8 ferm., 48,3 rúmm.  
Gjald kr.12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. {Samþykkt.*  
*Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.*
53. **Urðarbrunnur 62** (50.545.03) 205794 Mál nr. BN060669  
Snorri Wium, Heiðarhjalli 31, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057859 þannig að óuppfyllt rými í kjallara undir bílgeymslu er innréttað sem vinnustofa, sérinnangangur í kjallaraíbúð er fjarlægður, svölum á 1. hæð er breytt og þær stækkaðar ásamt því að gluggum er breytt og þeir færðir á einbýlishúsi á lóð nr. 62 við Urðarbrunn.  
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. apríl 2022.  
Stækkun: 43,6 ferm., -36,8 rúmm.  
Eftir stækkun, A-lokun: 357,1 ferm., 1.088,2 rúmm.  
B-lokun: 2,3 ferm., 6,7 rúmm.  
Samtals: 359,4 ferm.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. mars 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. mars 2022.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Lagfæra skráningu.*
54. **Vesturberg 78** (46.628.03) 112057 Mál nr. BN060832  
430481-1349 Vesturberg 78, húsfélag, Vesturbergi 78, 111 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innréttu íbúð þar sem áður var leikherbergi og þvottaherbergi, innréttu þvottaherbergi þar sem áður var sorpgeymsla og til að breyta hjólageymslu í geymslu fyrir nýja íbúð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 78 við Vesturberg.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga og fundargerð húsfundar frá 30. júní 2021.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda. Vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða.*

55. **Vínlandsleið 1** (41.114.01) 197691 Mál nr. BN060441  
521009-1010 Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til þess að gera eldvarnarvegg milli rýmis 0101 og 0102 mhl.01, innrétta lager og verkstæði í rými 0102 og innrétta verslun í rými 0101, mhl.02 í verslunar- og þjónustuhúsi á lóð nr. 1 við Vínlandsleið.  
Jafnframt er erindi BN056317 dregið tilbaka.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði vegna athugasemda dags. 17. febrúar 2022, bréf frá hönnuði vegna lokaúttektar dags. 27. janúar 2022, og greinargerð verkfræðistofunnar Eflu um brunahönnun dags. 27. janúar 2022 og yfirlit breytinga á afriti af aðalteikningum dagsettum 14. febrúar 2006 og 6. júní 2006.  
Gjald kr. 12.600  
*Samþykkt.*  
*Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.*  
*Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.*
56. **Þverholt 13** (12.441.07) 103184 Mál nr. BN060836  
571091-1279 Sérverk ehf., Tónahvarfi 9, 203 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060062 þannig að sorpgeymsla er stækkuð og gluggasetningu breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 13 við Þverholt.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga.  
Eftir breytingar, A-rými: 4.263,1 ferm., 12,464,9 rúmm.  
B-rými: 256,2 ferm.  
Gjald kr. 12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda.*
57. **Ægisíða 104** (01.527.105) 106094 Mál nr. BN060737  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að síkka glugga, fjölga opnanlegum fögum, setja glugga á gafla hússins, fjarlægja milliveggi og breyta innra skipulagi í húsi, mhl.02, á lóð nr. 104 við Ægisíðu.  
Stærð: Óbreytt.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 15. mars 2022.  
Gjald kr.12.600  
*Frestað.*  
*Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.*

## Ýmis mál

58. **Flókagata 4** (12.471.16) 103348 Mál nr. BN060848  
670202-2590 Ljóshólar ehf., Efstaleiti 10, 103 Reykjavík  
Spurt er um leyfi til að skrá áður gerða íbúð í kjallara sem sér fasteign á grundvelli fordæmis á samþykktu erindi frá 1998 og skoðunarskýrslu vegna brunavirðis frá 1938 í húsi á lóð nr. 4 við Flókagötu.  
Erindi fylgir bréf lögfræðings dags. 1. apríl 2022, afrit samþykktra aðaluppdráttá húsa nr. 4 og 6 frá 1938 og 1998 og afrit af skoðunarskýrslu vegna brunavirða.  
*Neikvætt.*  
*Samanber umsögn á athugasemdablaði.*

Fleira gerðist ekki.  
Fundu slitið kl.14:45

Erna Hrönn Geirsdóttir  
Nikulás Úlfar Másson  
Jón Hafberg Björnsson  
Sigrún Reynisdóttir  
Vífill Björnsson  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir